

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lækkun gatnagerðargjalda

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að falla frá hækkun gatnagerðargjalda í því skyni að draga úr byggingarkostnaði og verðbólgu. Umrædd hækkun var samþykkt var á fundi borgarstjórnar 4. febrúar sl. og tók gildi nú um mánaðamótin. Tillagan felur í sér að gatnagerðargjald lækki til samræmis við fyrra hlutfall og verði eftirfarandi: Einbýlishús: 15%, óbreytt álagningarhlutfall. Parhús: hlutfall lækki úr 15% í 11,3%. Raðhús, keðjuhús: hlutfall lækki úr 15% í 11,3%. Fjölbýlishús: hlutfall lækki úr 10% í 5,4%. Annað húsnæði: hlutfall lækki úr 13% í 9,4%. Tekinn verði upp að nýju afsláttur af gluggalausum kjallararými, sem aðeins er gegnt í innan frá, sem og vegna yfirbyggðra göngugatna og sameiginlegra bifreiðageymsla fyrir þrjár eða fleiri bifreiðar.